



Samfylkingin í Kópavogi

Samþykktir Samfylkingarinnar í Kópavogi

Grein 1 Heiti

- 1.1 Nafn félagsins er Samfylkingin í Kópavogi. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi. Félagið er aðili að Samfylkingunni - jafnaðarmannaflokki Íslands.

Grein 2 Tilgangur og markmið

- 2.1 Tilgangur félagsins er að vera vettvangur umræðna um bæjarmál í Kópavogi og um landsmál á vettvangi Samfylkingarinnar í anda frelsis, jafnréttis, kvenfrelsis og félagshyggju.
- 2.2 Meginmarkmið félagsins eru að: • hefja sjónarmið jöfnuðar, kvenfrelsis og félagshyggju til vegs í samfélaginu • standa að virkri umræðu um málefni bæjarfélagsins, kjördæmisins og þjóðmál • standa fyrir framboði til bæjarstjórnar Kópavogs og styðja framboð flokksins til Alþingis.

Grein 3 Félagsaðild - réttindi og skyldur

- 3.1 Félagar geta verið, fólk sem vill starfa að markmiðum félagsins, skráir nafn sitt í félagaskrá og náð hefur 18 ára aldri.
- 3.2 Stjórn félagsins hefur heimild til að innheimta félagsgjald af félögum. Félagsgjald skal vera valkvætt fyrir félagsfólk. Árlegt félagsgjald er ákveðið á aðalfundi.

Grein 4 Aðalfundur

- 4.1 Aðalfundur fer með æðsta vald í málum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en við lok fyrsta ársfjórðungs ár hvert. Stjórn skal undirbúa aðalfund.
- 4.2 Boða skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara. Fundinn skal boða með netpósti og á öðrum samfélagsmiðlum Samfylkingarinnar í Kópavogi.
- 4.3 Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.
- 4.4 Kjörgengi og atkvæðisrétt á aðalfundi hafa félagar sem skráðir eru í Samfylkingarfélagið í Kópavogi.
- 4.5 Á aðalfundi skal kjósa þriggja manna uppstillinganefnd til eins árs í senn og tvo til vara.
- 4.6 Aukaaðalfundur. Meirihluti stjórnar getur boðað til aukaaðalfundar ef talið er að verkefni sem fjalla á um á aðalfundi megi ekki bíða aðalfundar. Einnig geta 30 félagar óskað skriflega til stjórnar eftir aukaaðalfundi og skal þá tilgetið hvert fundarefni skal vera. Boða skal til fundarins eigi síðar en viku frá því að beiðnin var lögð fram. Skal þá halda slíkan fund eigi síðar en tveimur vikum eftir að boðun fundarins er gerð.
- 4.7 Dagskrá aðalfundar skal hafa eftirtalda fasta liði:
 1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
 2. Skýrsla stjórnar og nefnda fyrir liðið starfsár eftir því sem við á
 3. Áritaðir reikningar fyrra árs lagðir fram til umræðu og samþykktar
 4. Breytingar á samþykktum
 5. Kjör stjórnar
 6. Kjör félagslegra skoðunarmanna reikninga
 7. Kjör uppstillinganefndar
 8. Kjör í nefndir og ráð á vegum félagsins



Samfylkingin í Kópavogi

9. Önnur mál.

Grein 5 Stjórn

- 5.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm fulltrúum og tveimur til vara. Skal stjórn kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður er kjörinn sérstaklega, þá aðalfulltrúar í stjórn og að lokum varamenn.
- 5.2 Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og velur úr sínum hópi varaformann, gjaldkera og ritara.
- 5.3 Kjósa skal persónubundinni leynilegri kosningu skv. kynntum tillögum og uppástungum fundarmanna ef fleiri eru í framboði en sem nemur fjölda þeirra sem kjósa skal. Komi ekki fram fleiri framboð en sem nemur fjölda þeirra sem kjósa skal, telst stjórn félagsins sjálfkjörin.
- 5.4 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins næst aðalfundi og félagsfundi sbr. grein 8.
- 5.5 Formaður Rannveigar (ungir jafnaðarmenn í Kópavogi) hefur áheyrnaraðild að stjórn Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Grein 6 Stjórnarfundir

- 6.1 Formaður stýrir fundum stjórnar. Í samráði við stjórn ber formaður ábyrgð á starfsemi félagsins. Ritari heldur fundargerðir stjórnarfunda. Gjaldkeri ábyrgist fjárreiður félagsins, heldur bókhald félagsins og varðveitir fylgiskjöl.
- 6.2 Stjórnarfundir teljast lögmætir ef þeir eru boðaðir með minnst tveggja daga fyrirvara og meirihluti stjórnar mætir til fundar. Þó er heimilt að boða til stjórnarfundar með skemmri fyrirvara ef mikið liggur við.
- 6.3 Varamenn skal jafnan boða á stjórnarfundi og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum en er eigi heimilt að greiða atkvæði um þau mál sem til afgreiðslu eru nema hafa tekið sæti í fjarveru aðalmanns.

Grein 7 Félagsfundir - bæjarmálaráð Samfylkingarinnar í Kópavogi – landsmálaumræða

- 7.1 Stjórn félagsins og eða bæjarfulltrúar boða til félagsfunda og tilgreina málefni sem til umfjöllunar eru. Slíkir fundir eru öllu jöfnu ekki haldnir yfir sumartíma eða um stórhátíðir.
- 7.2 Nægjanlegt er að boða slíka fundi samdægurs og geta málefnis.
- 7.3 Landsmálafundirnir eru skipulagðir af stjórn eða í samráði við stjórn félagsins.
- 7.4 Bæjarmálafundir eru a.m.k. haldnir á meðan bæjarstjórn starfar. Stjórn Samfylkingarinnar í Kópavogi sér um skipuleggja framkvæmd þeirra og skulu þeir vera opnir öllum bæjarbúum.
- 7.5 Bæjarmálaráð félagsins er skipað stjórn og varastjórn félagsins, bæjarfulltrúum, varabæjarfulltrúum og öllum fulltrúum Samfylkingarinnar í nefndum á vegum bæjarins.
- 7.6 Bæjarmálaráð kýs sér formann og varaformann úr sínum hópi sem svo sjá um skipulagningu á fundum ráðsins.

Grein 8 Félagsfundir – innri mál félagsins

- 8.1 Stjórnin boðar til félagsfunda og skulu þeir boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara. Stjórn er skylt að boða til félagsfundar ef minnst 30 félagsmenn senda um það skriflegt



Samfylkingin í Kópavogi

erindi til stjórnar og tilgreina erindið. Félagsfundir fara með æðsta vald á málefnum félagsins milli aðalfunda.

Grein 9 Nefndaskipan innansveitar

- 9.1 Að afstöðnum sveitastjórnarkosningum skulu bæjar – og varabæjarfulltrúar í samstarfi við stjórn Samfylkingarinnar í Kópavogi skipa fulltrúa í nefndir, stjórnir og ráð á vegum bæjarins.
- 9.2 Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Samfylkingarinnar í Kópavogi skal leitast við að hlutföll kynja séu sem jöfnust.
- 9.3 Nefndarfólk skal mæta reglulega á bæjarmálaráðsfundi.

Grein 10 Framboð - bæjarstjórn og Alþingi

- 10.1 Samfylkingin í Kópavogi skal að fengnu samþykki félagsfundar bjóða fram til bæjarstjórnarkosninga í Kópavogi og styðja framboð Samfylkingarinnar til Alþingis. Skal unnið að framboði í samræmi við skuldbindandi reglur Samfylkingarinnar um aðferðir við val á framboðslista.
- 10.2 Kjörnefnd gengur frá tillögum um framboðslista til sveitarstjórnarkosninga sem lagður er fyrir félagsfund til umræðu og samþykktar. Kjörnefnd skal skipuð af félagsfundi Samfylkingarinnar í Kópavogi í síðasta lagi sex mánuðum fyrir kosningar.

Grein 11 Landsfundarfulltrúar

- 11.1 Á aðalfundi eða á almennum félagsfundi skal kjósa fulltrúa félagsins á landsfund og kjördæmisráð Samfylkingarinnar. Formaður félagsins sér um að tilkynna skrifstofu Samfylkingarinnar um fjölda fulltrúa frá félaginu á landsfund.

Grein 12 Fjármál, starfsár

- 12.1 Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 12.2 Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Stjórn er ekki heimilt að stofna til fjárskuldbindinga í nafni félagsins um meira en sem nemur ársinnkomu, nema að undangengnu samþykki félagsfundar.
- 12.3 Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið með bókaðri ákvörðun á stjórnarfundi. Gjaldkeri og formaður eru prókúruhafar á reikninga félagsins.
- 12.4 Gjaldkeri skal kynna fjárhagslega stöðu félagsins fyrir stjórn á þriggja mánaða fresti og ársreikning hið minnsta tíu dögum fyrir boðaðan aðalfund.
- 12.5 Skoðaður og staðfestur ársreikningur skal lagður fram til umræðu og staðfestingar á aðalfundi.
- 12.6 Gjaldkeri skal á aðalfundi, fyrir hönd stjórnar, leggja fram fjárhagsáætlun fyrir líðandi starfsár til kynningar. Áætlunin byggir á samþykktum aðalfundar um útgjöld, tekjur og fjárhagsstöðu samkvæmt ársreikningi.
- 12.7 Gera skal sérstaka áætlun um einstök stór verkefni eins og kosningastarf og skal slík sérstök áætlun vera hluti af heildaráætlun félagsins.
- 12.8 Kjósa skal tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara á aðalfundi félagsins.

Grein 13 Breytingar á samþykktum og félagsslit



Samfylkingin í Kópavogi

- 13.1 Samþykktum þessum verður aðeins breytt með samþykkt á aðalfundi. Svo breytingar teljist samþykktar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.
- 13.2 Breytingatillögur á auglýstar tillögur, sem fram koma á fundinum, skulu vera skriflegar. Breyttar samþykktir taka gildi strax að aðalfundi loknum.
- 13.3 Tillögur að breytingum á samþykktum skulu hafa borist stjórn fyrir 20. janúar og skulu sendar með aðalfundarboði.

Félaginu verður ekki slitið og ekki lagt niður nema með samþykkt tveggja aðalfunda. Meðferð tillögu um slit félagsins skal vera eins og um tillögu að breytingum á samþykktum félagsins sé að ræða. Síðari aðalfundur sem staðfestir slit félagsins skal ráðstafa eignum og skuldum félagsins til starfsemi jafnaðarmanna í Kópavogi eða til Samfylkingarinnar - jafnaðarmannaflokks Íslands.

Heildarendurskoðun samþykktar Samfylkingarinnar í Kópavogi þannig samþykkt á framhaldsaðalfundi félagsins 23. mars 2015.